

STJÖRNULÍFFRÆÐI

(Astrobiologi)

Perferendis jam per annos tormentis, longe maxima pars virium absumitur. Hinc operibus mora.

Ich fürchte nur die Dummheit, den Mangel an Schlussfähigkeit, die Beschränktheit, die Unwissenheit, die Abwesenheit von Genie.

I

Til er ritgerð, íslensk, sem heitir Lífgeislan og magnan (Bioradiation og bioinduktion), og hefir ekki, svo mér sé kunnugt, þeirrar ritgerðar verið getið í neinu blaði íslensku. Margir hafa að vísu lesið ritgerð þessa — sem prentuð er í bók þeirri er Nýall heitir — en mjög ótrúlegt hefir þeim þótt margt það, sem þar er sagt, og blandast svo sem ekki hugur um, að það mundi vera á engu byggt, að tala um lífgeislan. En þó er það rétt. Og áður á löngu líður, mun hver menntaður maður vita af lífgeislaninni, ekki síður en nú er kunnugt um sýkla og gerla aðra, öllum lýð, sem nokkra menntun hefir fengið. En þó vissi, fyrir nokkrum áratugum, enginn maður neitt um þær afar þýðingarmiklu smáverur.

W. J. Kilner heitir maður. Hann er rafmagnsfræðingur, vel að sér í eðlisfræði og tilraunamaður ágætur. Einnig er hann vel að sér í ýmsu, er að læknisfræði lýtur, og hefir starfað að rafmagnslækningum á sjúkrahúsi í Lundúnum. Kilner hefir fundið aðferð til að gera sýnilega geislanina frá líkama mannsins, þessa sem ég nefni lífgeislan, og hefir margvíslega rannsakað geisla þessa, sem stafa af hinum lifandi líkama. Frá rannsóknum sínum hefir hann sagt í bók mjög merkilegri, sem heitir *The Human Atmosphere (The Aura)*. London 1920. Bók Kilners er eindregið vísindaleg,

algerlega laus við alla dulrænu (Mystik) og leynifræði (Occultism).

Kilner hefir nú fundið, að orka þessi, sem geislar af líkamnum og kalla mætti lífmagn, hagar sér að sumu leyti líkt og rafmagn, og geislar mest af frammjóum hlutum líkamans, fingrum, nefi o.s.frv.

II

Þá er að nefna rússneskan mann, dr. Naum Kotik, lækni og sálufraeðing. Kotik fann, að mannsheilinn sendir frá sér orku, sem hagar sér að ýmsu leyti líkt og rafmagn. Orku þessa gat hann leitt eftir koparþræði og safnað henni á yfirborð hlutar. Þá stórmerkilegu uppgötvun gerði Kotik að orka þessi, sem geyma má á pappírshlæði, leitast við að framleiða aftur í öðrum heilum, heilaástand eins og það sem samfara var útstreymi hennar. Einnig hin aðdánlega ritgerð Kotiks (*Die Emanation der psychophysischen Energie*. 1908) er eindregið vísindaleg og laus við alla dulrænu.

Þegar oss er kunnugt orðið um rannsóknir þeirra Kilners og Kotiks, kemur oss síður á óvart það, sem segir af Englendingnum V. N. Turvey; en um hann er til eftirtæktarverð íslensk ritgerð (í tímaritinu *Morgunn*) eftir prófessor Harald Níelsson. Turvey var verkfraeðingur að menntun, vandvirkur og gerhugull, og eru athuganir þær, sem hann segir frá í bók sinni *The Beginnings of Seership*, vottfestar mjög. Athuganir Turveys sýna enn mjög greinilega, og í fullu samræmi við rannsóknir þeirra Kilners og Kotiks, að frá mannlíkamanum geislar orka, sem hagar sér líkt og rafmagn.

Afar eftirtæktarverðar eru þær tilraunir Turveys, er hann lá í rúmi sínu, eða hallaðist aftur í hægindastól, og gat, af munni annars, talað við fólk sem var að halda miðilsamkomu í 4 (enskra) mílna fjarlægð (on several occasions — segir Turvey, (*Beginnings* s. 54) — „I“ have controlled a medium, and introduced myself through his organism to people present, and have carried on a conversation with them). Það sem gerðist var þetta: Miðillinn sofnaði, eins og vanalega. Og eftir dálitla stund fer hann að tala upp úr

svefninum. Og þá talar hann ekki af sinni eigin meðvitund, heldur eins og meðvitund annars manns sé komin fram í honum, meðvitund Turveys, manns sem nú einmitt var að reyna að framleiða í miðlinum sína meðvitund, þó að hann væri í 4 mílna fjarlægð. Þegar samskonar fyrirburðir hafa gerst, maður sofnað miðilssvefni á samkomu og farið síðan að tala eins og önnur meðvitund væri komin í hann, þá hafa sumir haldið, að miðillinn væri að leika, aðrir að líkamalaus andi framliðins væri farinn í hann og enn aðrir, að það væri undirvitund miðilsins, þetta asylum ignorantiae eða athvarf fáfræðinnar er þeir kalla undirvitund, sem komið væri fram í honum.

Stórmerkilegar eru þessar tilraunir Turveys, en þó ekkert dularfullt það sem gerist. Rannsóknir Kilners og Kotiks hafa sýnt, að líkaminn geislar frá sér orku, sem hagar sér líkt og rafmagn. Og tilraunir Turveys leiða þetta enn frekar í ljós. Eins og Marconistöð framleiðir sitt rafmagnsástand í annarri, þannig framleiðist heila- og taugaástand Turveys í heila og taugum annars manns, og það þó í fjarlægð sé. Miðillinn talaði eins og hann væri Turvey: meðvitund Turveys um að hann væri hann sjálfur, var komin fram í miðlinum, í staðinn fyrir hans eigin meðvitund um sjálfan sig. Væri hann beðinn að skrifa nafn sitt, þá skrifaði hann nafn Turveys, mjög líkt því sem Turvey hefði sjálfur gert. Þetta sýnir hversu nákvæmlega einnig taugastjórn eða innervation Turveys var komin fram í miðlinum. Hann hóstaði eins og Turvey, og fann til þar sem Turvey kenndi verkjar. Menn munu finna, þegar þeir fara að rannsaka nógu vel, að þessi athugun sem síðast var vikið á, skýrir hvernig stendur á því, sem menn kalla hysterískar þjáningar.

III

Stórmerkileg er þessi sögusögn Turveys. En mjög fór því fjarri, að hann skildi sjálfur hina afarmiklu þýðingu tilrauna sinna og athugana. Newton hét hann að fornafni, en að vísindasnilld komst hann ekki neitt í námunda við nafnann fræga. Tilraunir Turveys sýna mjög glögga leið til ráðningar

á gátu spiritismans. Þær sýna mjög fagurlega, hvernig á sér stað þetta, sem ég kalla lífsstarfsleiðslu eða bioinduction. Alveg aðdánlega koma þær heim við þetta sem ég hafði fundið. Um mörg ár hafði ég athugað mjög vandlega eðli svefns og drauma. Ég hafði fundið, að miðilssvefninn er í eðli sínu náskyldur vanalegum svefni, og að líkaminn er í svefni magnaður eða „hlaðinn“ af orku nokkurri, sem kemur utanað. Þar er vissulega um tilsendan kraft að ræða, eins og komist er að orði í helgri bók, sem Edda er kölluð. Orkan sama, sem í upphafi sneri hinu líflausa efni jarðar vorrar til lífs, endurnýjar í svefni lífskraftinn. Þeir sem hafa veitt því eftirtekt hvað það er, sem best stefnir í heimspeki og vísindum, allt frá fornöld, munu glöggt skilja, að hér er satt sagt. Magnan þessari, sem verður í svefni, fylgir nú vit og tilfinning, svefnvitundin eða draumarnir, og sýnir þar nákvæm athugun, að það er vit og tilfinning annars manns, líkt því sem kom svo fróðlega fram í tilraunum Turveys. Á eðli svefns og drauma hefi ég minnst í ritgerðum mínum í Nýal og víðar og mun enn gera nánar grein fyrir þeim rannsóknum mínum, í sérstakri ritgerð.

IV

Nú vikur sögunni að því sem gerist á miðilfundu. Miðillinn lagar sig til, og áður á löngu líður, er hann sofnaður, eftir nokkrar teygjur og kippi. Ef setið er nálægt miðlinum, má vel finna, hvernig orkan, sem magnar hann, geislar frá honum. Þetta finnst oss ekki svo undarlegt, þegar vér höfum lesið í bók Kilners, hvernig áhrif t. d. rafmagnan hefir á hinn vanalega bjarmahjúp mannsins, og hvernig stundum standa geislar af líkamanum langt út fyrir takmörk þess hjúps.

Miðillinn sefur nú vært nokkra stund, en síðan byrjar hann að tala. Hann talar með breyttum róm. Og hann talar eins og af meðvitund annars, nákvæmlega eins og miðillinn sem Turvey var að gera tilraunir með. Í þessu dæmi sem ég hefi í huga, er það stúlkubarn sem talar, telpa, sem dó hér í Reykjavík fyrir nokkrum árum. Eða nákvæmar til tekið, sú sem talar tungu miðilsins, kveðst vera það sem nú var sagt.

Ég var ókunnugur þessari Reykjavíkurtelpu í lifanda lífi, en hefi kynnst henni þó nokkuð á því að heyra hana tala fyrir miðils munn. Að vísu kom greinilega í ljós, að örðugleikarnir á að tala, eru miklir, og eiga þeir sumir rót sína í áhrifum fundarmanna á miðilinn — beinum geislanaráhrifum, á ég við — en aðrir í heila- og hugsanabrautum miðilsins sjálfs. Og það var glöggt mjög, að í þessu efni mætti gera stórfroðlegar rannsóknir. En þrátt fyrir þessa örðugleika, var telpan óbifanlega samkvæm sjálfri sér, og kom alltaf fram sem vel innrættur og skemmtilegur unglingur, með endurminningar Reykjavíkurbarns.

V

Þegar hér er komið sögunni, verður óefað einhver af lesendum mínum farinn að halda, að nú sé ég orðinn anda-trúarmaður, spiritisti. En þó fer því fjarri mjög. Aldrei hefir nokkur maður á þessari jörð, verið jafn langt frá því og ég er, að trúá á anda (spirits) og andaheim (spirit world). Og síðan ég var á barnsaldri, hefi ég ekki eitt augnablik trúað á anda og andaheim. Þetta er sagt, af því að ég hefi oft orðið þess var, að það er nauðsynlegt að taka það skýrt fram, en ekki af neinum áhuga á að vera á móti forvígismönnum þeirrar stefnu hér hjá oss. Hitt er heldur, að ég kunní þeim þökk fyrir að hafa komið með spiritismann hingað, og eins þeim, sem vakið hafa hér guðspekihreyfinguna, því að ég hefi á ýmsan hátt haft gagn af því við rannsóknir mínar, að hreyfingar þessar hafa komið hér upp. En til þess að skýra það sem gerist á miðilfundinum, þarf ekki spiritismans með. Eða réttara sagt, meðan menn trúá á anda og andaheim, skilja þeir einmitt ekki, það sem þar fer fram. Um þúsundir ára hafa menn stundað samband við framliðna, án þess að þeim ykist nokkuð skilningur á þessu sambandi. Og þetta samband var til forna jafnvel talsvert fullkomnara en á síðari tímum. Á Grikklandi var t. a. m. fyrir hér um bil 2500 árum frægur helgistaður, þar sem framliðnir veittu mönnum viðtal. Og þeir sönnuðu sig eftir sömu aðferð sem nú er

notuð af spiritistum. Um þetta má lesa hjá Herodot, þar sem hann segir frá Periander, harðstjóra Korinþuborgar.

VI

Fagurlega ljóst er nú, hvernig í þessu liggur. Spiritistar halda, að andi framliðins hverfi frá þessum dularfulla andaheimi, sem hugsandi mönnum veitir svo erfitt að trú á, af því að hann kemur svo illa heim við alla vora þekkingu á náttúrunni, og komi á miðilfundinn. En öðruvísi sagðist þessari telpu frá, sem ég gat um áðan. Hún sagði t. d. í eitt skipti, að á þeirri sömu stundu, sem hún væri að tala munnmiðilsins, sæti hún heima hjá sér og væri að leika á hljóðfæri. Og af hljómlistinni, sem hún iðkaði, sagði hún ýmislegt merkilegt. Suma tónana sagðist hún framleiða með fingrunum beinlínis, eða með snertingu, en aðra án snertingar, og að því er mér skildist, fyrir geislan frá fingrunum. Slíkt hættir að vera dularfullt, þegar vér vitum, hvernig Kilner hefir sýnt fram á lífgeislanina frá fingurgómunum, og hvernig hlutir hófust á loft fyrir geislun frá fingrum á miðli, sem v. Schrenck-Notzing rannsakaði.

Vér sjáum af því sem nú er sagt, að þessi vera, sem að eigin sögn, er Reykjavíkur-telpa, framliðin, er ekki neinn andi, heldur líkamleg vera. Og í góðu samræmi við það er, að hún kvaðst eiga heima, ekki í neinum andaheimi, heldur á annarri stjörnu. Í þriðju vetrarbraut (eða sólhverfasambandi) héðan, sagði hún að stjarnan væri, þar sem hún ætti heima, og þrjár sólir væru þar á himninum, hvít ein, fjólu-blá önnur, en fagurrauð hin þriðja, og stærst.

VII

Vér sjáum, að í mjög verulegu atriði er eins ástatt fyrir Turvey og telpunni. Í báðum dæmum ræðir um líkamlega veru, sem getur sent frá sér orku þannig, að meðvitund hennar og taugastjórn komi fram í öðrum líkama. Að vísu er fjarlægðarmunur mikill. Turvey framleiðir „sál“ sína í líkama, sem er aðeins í nokkurra mílna fjarlægð, telpan

sína, í líkama sem er í margra billjóna mílna fjarlægð frá henni. En þó nægir ekki fjarlægðarmunurinn einn til að gera þetta „mystiskt“ eða dularfullt. Það þarf hér ekki annað en að minna á sögu þráðlausra rafskeyta á jörðu hér, sem ekki er þó löng orðin ennþá. Skeytin eru nú send yfir þúsundum sinnum lengra bil, en fyrst þegar þær tilraunir fóru að takast.

Sá mikli munur er að vísu, að Turvey var lifandi maður, en telpan kveðst hafa dáíð. Og þó liggur við, að mér finnst þessi munur aukaatriði. Svo mikil tíðindi eru það, að hafa fengið samband við mann á annarri stjörnu. Síðar meir, þegar það verður farið að sjást, hvernig samband við lífið á öðrum stjörnum gerbreytir á skömmum tíma högum mannkynsins á þá leið, að mörgum mun koma í hug líkt og stendur í snilldarkvæði Þorsteins Erlingssonar: „Aldni heimur ert það þú, orðinn svona fríður!“ Þá munu þeir skilja, hvernig unnt er að kveða svo ríkt að orði, að nálega sé aukaatriði, hvort sá íbúi annarrar stjörnu, sem fengið er samband við, sé framliðinn af jörðu hér eða ekki.

Seinna segir, hvernig það má verða, að sá sem var liðið lík á jörðu hér, komi fram sem íbúi annarrar stjörnu, og að vísu sem líkamleg vera, en ekki sem líkamalaus andi. Og það er einmitt aðalárangurinn af starfi mínu þetta ár, að ég veit nú miklu betur en þegar ég samdi ritgerðina „Hið mikla samband“ (Nýall s. 7-89), á hvern hátt lífið heldur áfram. Ég hefi fengið þá þekkingu mest fyrir samanburð á athugunum, sem aðrir, betur settir, höfðu gert, en ekki skilið, eða unnið úr eins og gera má, hafi menn haft mjög mikinn áhuga á að æfa sig í vísindalegum samanburði.

Segir nú fyrst nokkuð af því sem læra mátti af orðum telpunnar fyrir miðils munn, um lífið á öðrum stjörnum.

VIII

Sitthvað sagði hún okkur af sambandi þeirra þar við aðrar stjörnur. Á sama tíma sem hún hafði samband við oss hér á jörðu, var hún einnig í sambandi við enn aðrar stjörnur. Hún sagði oss af sambandi sínu við mannfélag, sem væri

miklu lengra komið en það sem hún væri í, þó að miklar dásemdir væri þaðan að segja. Það var mjög greinilegt, að hún var að reyna að segja frá mannfélagi, sem er komið vel á veg að verða að því sem ég hefi kallað hyperzóon eða superorganismus. En það er lífheild, er sýnir framhald þeirrar viðleitni sem úr milljörðum af einstaklingum er svara til prótistans, fyrstlingsins, hefir skapað þá lífheild sem nefnd er metazóon, eða veru slíka sem maðurinn er. Hún sagði menn ganga þar fram eins og í bláum loga, og hreyfingarnar í þessum bláa ljóshjúp sem væri yfir hverjum manni, sagði hún færi allar saman. Þetta, að hreyfingarnar fari allar saman, eru hennar eigin orð. Og vel kemur þetta heim við rannsóknir Kilners, á bjarma þeim eða móðu, sem stendur af mannslíkamanum. Kilner fann, að hjúpur þessi var grár á lit hjá kvenmanni, sem hafði miður en meðalvit og þroska. En alblár var hjúpurinn hjá konu, sem fjör hafði og vit, fram yfir það sem algengt er, og auk þess náði hann lengra út frá líkamanum.

Mannfélagið sem telpan er í, hefir fögur sambönd upp á við. En það kom einnig í ljós, að sambönd geta þar orðið niður á við, og það við miklu verri staði en jörð vor er. Eitt sinn veinaði miðillinn og grét og leið auðsjáanlega hörmulega. Og þegar hún fór að tala, fengum vér að vita, að telpan hafði fengið þannig samband við konu, sem var í dimmum stað og illum, og hörmulega á sig komin, *að henni fannst hún vera orðin að þessari konu* (sbr. paranoia!). Virðist þar vera að ræða um eitthvert myrkraríki, slíkt sem skýrt hefir verið frá í ritgerðinni „Hið mikla samband“. Kom þarna fram, að þó að sælustaður sé, slíkur sem telpan er í, þá eru menn þar ekki óhultir, heldur eiga þeir á hættu að fá þátt í vansælu þeirra sem þjáðir eru og í illum stöðum.

Þessir illu staðir, staðirnir þar sem stefna hinnar vaxandi þjáningar ræður, stöðva framför heimsins. Þar eyðist í þjáning sú orka, sem stefnt er til að skapa heiminn óskeikult áfram alla þá leið, sem liggur til að verða sjálfur hin æðsta vera. Slíkir staðir eru eins og útjaðar, þar sem alltaf mistekst tilraunin til að hefja hið líflausa efni til sigrandi lífs. Þar er

sú firna fyrirstaða, sem jafnvel hinn æðsti kraftur sligast um stund við að ryðja úr vegi hinnar óendanlegu framfarar. Og orsökina er sú, að þar yfirgefur hinn æðsti kraftur sitt eigið eðli og gerir sjálfan sig líkan þeirri eynd, sem eyða skal.

En að þessu viku aftur, síðar í sögu vorri.

IX

Frá öðru sambandi sagði telpan oss, sem að vísu var ekki upp á við frá þeim þar, en þó til góðs staðar. Á annarri stjörnu var það en þar sem hún á heima. Það var eftirtektarvert mjög, hversu glöð telpan var yfir því, að geta sagt oss þennan stjörnufróðleik, sem var svo eðlislíkur því, sem langferðamenn segja af ókunnum álfum, og svo frábærlega furðulegur, einmitt vegna þess. Og ánægja hennar var skiljanleg. Því að þetta var í fyrsta skipti sem á miðilfundi tókst að kenna slíkan fróðleik. Í fyrsta skipti tókst að koma fram, yfir um geimdjúpið, með tilstyrk miðils, óblandaðri náttúrufræði og landafræði. Í fyrsta skipti tókst að koma fram slíku gegnum geimdjúpið, á svo lágu tilverustigi sem vér erum á jörðu hér, þar sem menn rétt fyrir skömmu, að heita má, hafa uppgötvað stjörnurnar, en þekking á náttúrunni er annars svo skammt á veg komin, að menn þekkja hvorki tilgang né framhald lífsins, eða það sem helst mætti kalla undirstöðulögmál tilverunnar, og þar sem aðeins ör-lítill minni hluti er byrjaður að skilja, að það þýði nokkuð að vera að sækjast eftir fróðleik. Þó að lítið virtist um að vera, þá var það heimsviðburður, sem þarna gerðist, í lítilli stofu í einni af jarðarinnar minnstu höfuðborgum. Og bæði miðill og samfundarmenn eiga skilið að ég láti í ljós aðdáun mína á þeim fyrir það, að þó skyldi takast það sem tókst.

Telpan kvaðst sjálf sjá það sem hún sagði frá, og yrði það með þeim hætti, að maður á þeirri stjörnu fengi henni þátt í sinni meðvitund. Og ef betur hefði til hagað, þá hefðum við öll, sem þarna vorum, getað fengið þátt í þeirri sömu meðvitund, og séð sjálf það sem af var sagt. Áður langt er um liðið frá því menn fara af alvöru að reyna til að skilja mig, verða þess konar sýningar mikið tíðkaðar á jörðu hér.

Og seint munu þeir vitmenn þykja, sem ekki láta sér skiljast, að valda muni miklum breytingum á högum og horfum mannkyns vors, þegar kostur verður mikils og áreiðanlegs fróðleiks um fegra líf og fullkomnara, og það jafnvel þó að ekki fylgdi þessu sambandi bein aukning vitsku og þróttar, eins og að vísu mun verða, þegar margra samhugur er til móts. Þá verður Ísland í sannleika farsælda frón, þegar nýttur hinna nýju vísinda, sem ég nefni epagógík, og hér hafa orðið upptök hinnar betri samstillingar við hið fullkomna sem lífsnauðsyn er á. Og þá mun rísa hér og gnæfa með meir en morgunroðafegurð ein og önnur höll hin háva, í líkingu við þá, sem nú skal nokkuð af sagt.

X

Samkomu sagði telpan oss af, sem haldin væri í sal einum miklum og fögrum, sem hún lýsti að nokkru. Hús það er reist á fjallstindi háum, og þó svo mikið, að um 100,000 manns sagði hún vera þar á samkomunni. Hús þetta er ætlað til að taka á móti gestum frá öðrum stjörnum, og getum vér þá vel skilið, hvers vegna það er reist á svo himingnæfandi stað. Dýrðlegur gestur sagði hún væri þar fram kominn á samkomunni, frá mannfélagi, sem miklu lengra væri komið, og ekki sagði hún, að þeir hefðu þar aðrar guðspjónustur en slíka fundi. Hér á jörðu, þar sem ennþá ræður hin illa stefna, getum vér ekki ímyndað oss, hversu gott muni vera að sækja slíka fundi, þar sem menn eru samstilltir betur en þeir annars eiga kost á, og þar sem getur streymt í þá æðri kraftur en áður, einmitt vegna hinnar bættu samstillingar. Auknir að líkamsorku og vitmagni, auknir að lífsgleði, fara menn af slíkum fundi, og færari en áður til að sækja fram hina réttu braut, og líkjast meir og meir mannfélagi því hinu dýrðlega, sem þeir höfðu hlotið svo fagurt samband við.

XI

Spurt var á hvern hátt þeir sem sæktu þessa fundi, kæm-ust þarna upp. Í flugvélum var svarað. Og vér fengum að

vita, að í þeim flugvélum heyrðist ekkert, og að það lýsi af þeim á fluginu. Einnig fengum vér að vita, ég held oss öllum til nokkurrar undrunar, að flugvélarnar væru geymdar í loftinu meðan á fundinum væri verið. Menn hefðu þar smávél, sem líktist úri, og með henni gætu þeir ákveðið flugvélunum stað í loftinu, og laðað þær til sín, þegar á þeim þyrfti að halda. Þetta minnti auðvitað á þráðlausa rafstjórn á mannlausum bátum, eins og menn nú kunna að hafa á jörðu hér. En það var ekki fyrr en eftir að ég hafði þetta heyrt, sem ég vissi, að einnig hér á jörðu eru menn farnir að hafa þráðlausa stjórn á mannlausum flugvélum, þó að skemmra sé komin sú þekking hér en á stjórnunni, sem telpan var að segja okkur af.

Þá var spurt, hvort kafskip væru ekki miklu lengra komin, og kafsiglingar en á jörðu hér. Við fengum það óvænta svar, að slíkt tíðkaðist ekki þar, en þá íþrótt kynnu þeir að ganga á sjávarbotni. Þeir hefðu útbúnað, sem stæði af þannig geislan, að sjórinn héldist frá þeim, og gengið væri eins og í hvelfingu, sem þeir flyttu með sér.

Turna sagðist hún sjá, háa mjög og með undrafögnum útbúnaði efst. Sagði hún, að þar væri náð efnum úr loftinu, og búin til úr ýmiskonar holl og ljúffeng fæða. Einnig væri sjávarvatnið þannig notað. Þetta sem nú var sagt, minnir á hina frægu og fögru aðferð þeirra Birkelands og Eyde, til þess að ná til notkunar köfnunarefni loftsins. Og það kynni að vera eftirtektarvert, að það var William Crookes, sem fyrst lét í ljós, að slíkt mundi mega gera. En þessi mikli efnafræðingur var einnig brautryðjandi rannsóknari á ýmsum þeim fyrirburðum, sem stafa af sambandi við aðrar stjörnur. En aldrei skildi Crookes það, jafnvel þótt einn af mestu vísindamönnum væri, og hann gerði ekki þær ályktanir, sem nú eru orðnar óumflýjanlegar hverjum þeim sem greind og menntun hefir í góðu lagi, og vaknar svo við þessu í sannleika mikla máli, að hann reyni af nokkurri alvöru til að fá skilning á því.

XII

Hversu allt þetta mál er þess vert, að menn reyni af fullri alvöru til að fá skilning á því. Og hversu ljóst er yfir að líta, eða fagurt yfirlit fengið, þegar fundið er eðli drauma, og skyldleiki miðilsvefnsins og vanalegs svefns. Sofandi miðill talar. Og sjá! hann talar af meðvitund annars manns. Annars meðvitund er komin fram í honum. Og þessi annar segist eiga heima á annarri stjörnu. En rannsóknin hafði sýnt, að í vanalegum svefni kemur alltaf fram í oss meðvitund annars. Og nákvæm athugun svefnvitundarinnar, sýnir alveg ótvíræðlega að þessi annar, draumgjafinn (oneiro-poios), er ég nefni svo, á heima á annarri stjörnu. Hér styður hvað annað mjög fagurlega. Hér koma vissulega í ljós á fegursta hátt, einkenni heilags sannleikans.

Tilraunir Turveys sýna, að „andinn“ sem fer í miðilinn og talar hans tungu, getur verið sál manns á sömu jörð. Og eins getur verið um drauma vanalegs svefns þó að oftast nær sé það sambandið við íbúa annarra stjarna, sem mestu ræður í draumvitundinni. Draumgjafinn getur verið samstirnis, og nálega, svo að kalla meg, samtýnis draumþega. Þetta sýnir vel draumsaga sem stendur í Tidskrift for psykisk Forskning 1906, s. 14-15. Einn morgun snemma er forstjóri dýragarðsins í Kaupmannahöfn, Julius Schiött, nafnkunnur maður, staddur hjá búi hvítabjarnarins og ber þá svo til að björninn bítur hann í fingurinn. En á sömu stundu dreymir einn af bestu vinum Schiötts, G. Pauli, að hvítabjörn í dýragarðinum bíti hann. Pauli lifði í draumi það sem Schiött lifði í vöku. Schiött var þarna draumgjafinn, og kann það að hafa stafað nokkuð af því, að Pauli hafi verið mjög undir áhrifum þessa fjörmikla vinar síns.

Menn undrast mjög draumsögur slíkar, og þá grunar ekki, að inngeislun frá öðrum líkama, er einmitt eðli draumsins. Það er ekki draumur fyrr en samband er við annars meðvitund. Ef menn æfa sig nógu vel, þá má læra að athuga glögglega, hvernig annarleg meðvitund fer að gera vart við sig þegar maðinn syfjar. Fyrst koma myndir, líkt og skuggamyndir — því að litirnir koma ekki fyrr en seinna — en sá sem

er að sofna, veit ekki hvað þessar myndir þýða. Síðan, þegar maðurinn er sofnaður, þýðir hann þessar myndir eftir sínu heilafari, gerir úr þeim tómar missýningar, og heldur að hann sé að dreyma það sem honum er kunnugt úr vöku. En verði sambandið við draumgjafann fullkomnara, þá sést að mann dreymir vanalegast það, sem honum er alókunnugt úr vöku og hann hefir aldrei um hugsað. En frá þessu mun ég segja nánar í annarri ritgerð.

Síðari tímum til fróðleiks má geta þess, að ég hefi eigi alls-jaldan rekið mig á þann skilning, að draumar eða draumór-ar, og rannsókn á eðli drauma, sé eitt og hið sama. En það tvennt er ólíkast. Og það er við því að búast, að erfitt sé að koma fram nýjum hugsunum, og þá helst ef í stórkostlegasta lagi eru, þar sem svo geigvænlegur greiningarskortur getur gert vart við sig, og það jafnvel þó að menn séu hvorki ógreindir né ómenntaðir.

XIII

Íbúi annarrar stjörnu er það sem vanalega talar fyrir munn hins sofandi miðils. Á því er ekki nokkur vafi. Ég hefi, fyrir tilstuðlan miðils, talað við þá sem heima eiga á öðrum stjörnum, í billjóna mílna fjarlægð. Það er eins víst og að ég er til.

Nú má að vísu heyra það sagt, að jafnvel hin ríkasta sannfæring manns þurfi ekki að vera neitt sannfærandi fyrir aðra. Jafnvel gáfaðir og menntaðir menn láta sér slíkt um munn fara. En þó er það ekki rétt. Gildi sannfæringar er mjög misjafnt, eftir því hvers sannfæring það er, og hvernig tilkomin. Eitt er sannfæring þess manns um vísindaleg efni sem ekki, eða lítið hefir við vísindi fengist. Annað, sannfæring þess sem hefir sýnt sig í fremstu röð sem námsmann og rannsóknara. Eitt er sannfæring, fljótfengin og byggð á skjótri skoðun og skammri íhugun. Annað sannfæring, sem fengin er með 20, 30 eða 40 ára námi og rannsókn.

Mestum hluta ævi minnar hefi ég varið til að reyna að afla mér þekkingar. Náttúrufræði hefi ég stundað, og einnig læknisfræði lítið eitt, með tilsögn framúrskarandi kennara.

Þó nokkuð hefi ég lesið af því sem best hefir verið ritað í heimspeki og mannkynssögu að fornu og nýju. Áhugi minn á að læra var þegar í barnæsku mikill og hefir vaxið með aldrinum. Betur og betur hefi ég verið að læra hina réttu vísindalegu varkárni. — Hina réttu varkárni segi ég, af því að það er til svikin vara sem menn nefna svo, en að réttu lagi heitir nautska gagnvart nýjum sannindum og illvild gagnvart þeim sem koma fram með þau. — Um mörg ár hefi ég stöðugt æft mig á ýmsum athugunum ekki auðgerðum. Þetta er hér sagt til þess að menn geti séð, að ég ætti að hafa í besta lagi skilyrði til þess að hrapa ekki að höfuðsannfæringum. En þar liggur mikið við, að menn treysti mér ekki verr en vert er. Og í huga mínum er ekki nokkur minnsti skuggi af efa um að hin mikla gáta er ráðin. Ráðin eins og gátur eru ráðnar þegar um vísindi er að ræða. Það er að segja þannig, að fundin er leið til vaxandi þekkingar.

Fagurlega ljóst er nú yfir aðalatriðum þessa máls. Frá manningnum geislar magn sem kalla má lífmagn og vitmagn. Og það hagar sér líkt og rafmagn. Og líf- og vitgeislan eins líkama getur framleitt sig aftur, inducerast, í öðrum líkömum.

Það þóttu undur mikil, þegar Marconi og Oliver Lodge tókst fyrir ekki mörgum árum að koma á „þráðlausu sambandi“, þó að ensk míla væri á milli eða tvær. Nú skiptast menn rafgeislaskeytum á, þó að þúsundir mílna séu á milli.

Lífgeislan frá Turvey framleiddi hans heila- og annað líkamsástand í manni sem var í nokkurra mílna fjarlægð. Athuganir sem ég hefi getið um í ritgerðinni „Lífgeislan og magnan“, sýna að jafnvel stærstu vegalengdir sem orðið geta á jörðu hér, koma ekki í veg fyrir þetta „þráðlausa samband“ taugakerfanna. Athuganir á vanalegum svefni og miðilsvefni sýna, þannig, að enginn vafi getur á leikið, að þetta „þráðlausa samband“ taugakerfanna getur orðið, þrátt fyrir fjarlægðir slíkar sem í stjörnuheimnum gerast, sólhverfanna og jafnvel vetrarbrautanna á milli.

Allt þetta er ekki vitund „mystískt“ eða dularfullt. En

hversu firnamerkilegt það er. Og að halda áfram á þeirri þekkingarbraut sem þetta er byrjunin á, mun á skömmum tíma gjörbreyta högum og horfum á jörðu hér.

Í næsta kafla verður svo sagt frá því hvernig það getur orðið, að sá sem deyr, kemur fram aftur á annarri stjörnu, og að vísu sem líkamleg vera.

XIV

Timaios Platóns mun hafa verið það rit fornaldarinnar, sem mest áhrif hafði á heimsskoðun þeirra sem vitrastir voru og menntaðastir. Og þar er þess getið, að þegar maðurinn deyi, fari hann til stjörnu, þar sem ráði sömu lög sem breytni mannsins stefndi til, og lifi þar áfram. Og hjá Rómverjum virðist þessi trú, að menn lifi áfram á öðrum stjörnum, ekki hafa verið mjög óalgeng, að því er ráða má af hinu aðdánlega verki eftir Gaston Boissier um trúarbrögð Rómverja. Þannig segir t. a. m. á minnispeningi eftir Faustínu keisaradrottningu, sem að vísu hafði átt fyrir mann heimspekinginn Marcus Aurelius, að það hafi verið tekið á móti henni á stjörnunum (sideribus recepta, Religion romaine, 1, s. 134; en það er einmitt ekki rétt hjá hinum mikla latínunillingi, að þýða þetta; *recue au ciel*).

Afar merkilegt er nú að sjá, hvernig andi þessarar fólkcættar sem Grikkir og Rómverjar teljast til, hefur sig svo hátt í trúarbrögðum, að hafa í þessu mjög svo verulega atriði, einmitt þá trú sem rétt er. Því að þegar vér höfum vísindi við, megum vér glöggst skilja, að einmitt þetta er sannleikurinn, að eftir dauðann á einni stjörnu, lifa menn áfram á annarri. Og það er vel skiljanlegt að svo hljóti að vera, þegar vér vitum, að lífið er einmitt þáttur í tilraun til að koma fullkomnu skipulagi á hið líflausa efni sem stjörnurnar eru af gerðar.

Með því að hugleiða vel það sem nú skal sagt, má gera sér þetta mál allt nokkurnveginn ljóst.

Eins og áður er um getið, hefir verið sýnt að lífmagn geislar frá líkamanum. Og ennfremur, að geislan þessi leitast við að framleiða ástand hins geislandi líkama. Og það má fara

hér enn lengra. Geislanin stefnir eigi einungis að því að framleiða ástand hins geislandi líkama, heldur alla leið áfram, alla leiðina að því að endurframleiða sjálfan hinn geislandi líkama, eða líkama honum líkan. Þetta styðst við athuganir. Menn hafa getað athugað hvernig móða nokkur eða bjarmi tók á sig mannsmynd eða líkamshluta, og varð síðan að áþreifanlegum líkama af holdi og beini. Og þó að það sé furðulegt mjög að skin nokkurt skuli geta valdið slíkri smíð, þá er það ekki svo mjög miklu furðulegra en það hið alkunna, að af vökva þeim er blóð er nefndur, skuli verða sin og hold og bein.

Engum orðum ætla ég að eyða í að ansa þeim sem kynnu að segja, að það komi af trúgirnri einni og greindarleysi, þegar menn ímynda sér að líkamning (materialisation) hafi í raun og veru athuguð verið. Ég ætla einungis að minna á hvernig hinn ágæti Herodot aftók forðum að trúá sjómönnunum sem sögðu að þeir hefðu komið þar sem sólargangurinn er á norðurhimni (eins og er á suðurhveli jarðar). Og var það að vísu áður menn vissu hvernig sólargangur er til kominn. Og nákvæmlega er það af sömu ástæðu, nefnilega vanþekkingu, þegar menn eru svona alsannfærðir um að líkamningar eigi sér ekki stað. En það má telja víst, að bjarminn sem líkamning verður af, standi af líkama, og að það sé rangt, þegar andatrúarmenn halda að það sé líkama-laus andi sem tekur á sig líkama eða líkamast. — Í síðasta hefti tímaritsins Morgunn er mjög fróðlega sagt frá líkamningum, í grein sem þýtt hefir Ragnar H. Kvaran. En mjög virðast þær líkamningar ýmsar vera óheilbrigðar í eðli (pathologiskar), og þó auðvitað engu að síður sönnun fyrir því, að líkamningar eigi sér stað.

XV

Nokkru verður enn við að bæta til þess að glöggva sig á þessum hlutum.

Geislanin frá mannum er sterkust og áhrifamest næst líkamanum, og má tala þar um aflsvæði mannsins, líkt og eðlisfræðingar tala um aflsvæði (Faraday).

Á þessu aflsvæði, þar sem lífgeislun mætir annarri, utanaðkomandi, virðist nú viðleitnin á að framleiða nýjan líkama helst geta tekist. Og þannig virðast vera til komnir svipirnir, sem hinn skyggni miðill sér hjá mönnum, og plata ljósmyndarans sýnir stundum. Svipir þessir eru vísir til líkamningar. Kemur þetta sem hér var sagt, vel heim við þá athugun Kilners, að þegar lífgeislun mætir lífgeislun, þá eykst bjarminn, ef ekki eru geislarnir of óskyldir. Nú virðist svo sem á miðilfundi geti orðið nokkurt sameiginlegt aflsvæði, fyrir geislun frá miðli og fundarmönnum, og að á því aflsvæði geti fremur orðið líkamningar en á aflsvæði einstaklings.

Hér á jörðu er lítið um sameiginleg aflsvæði, og er orsök- in sú, að menn eru svo ósamstilltir. Skýra má þetta fyrir sér með því, að minnst tilraunar sem gerð er í eðlisfræði. Járnsvarf er látið í glas og segulmagnað síðan. Verða þá allar járnagnirnar einn samtaka segulmagni (magnet). Sé nú glasið hrist virðist segulmagninu lokið og svarfið er mátt- laust. Eftir magnanina voru agnirnar allar samstilltar, og því gat orðið sameiginlegt aflsvæði. En þegar glasið er hrist, fer samstillingin út um þúfur; sérhver af hinum mögnuðu smá- ögnum togar á móti annarri, sérhver eyðir annarrar krafti, og ekkert sameiginlegt aflsvæði getur orðið.

Því þroskaðra sem mannkyn er, því meir sem það nálgast þetta stórkostlega takmark, að verða ein lífheild (hyper- zóon), því fremur er þar um sameiginlegt aflsvæði að ræða. Má hér minna á það hvernig telpan talaði um, að hreyfing- arnar í bjarmahjúp þeim hinum bláa sem væri yfir mönnun- um sem hún var að segja frá, færu allar saman.

XVI

Náttúrufræði er það sem hér er verið að rita, og með til- gátum sumstaðar, eins og við er að búast. En þó er það engin tilgáta, heldur víska, að geislun frá mönnum á öðrum stjörnum stendur stöðugt til jarðar vorrar og hvers einstak- lings sem hana byggir. Og af því getum vér ráðið og verið vissir um, að frá hverjum einstakling jarðar vorrar stendur

ávalt meðan hann er lífs, geislan til annarra stjarna.

Nú fer að líða að því, að hinn þrautgóði lesandi uppgötvi, að hann hefir ekki til einskis setið yfir að skilja það sem á undan er farið. Því að hér förum vér nú að nálgast skilning á þessu stórmerkilega atriði, að sá sem var liðið lík á jörðu hér, og jafnvel brenndur til ösku, getur nokkru síðar gert vart við sig og verið þá íbúi annarrar stjörnu.

Um alla æfi mannsins stendur af honum geislan, sem kemur fram og safnast fyrir á aflsvæði skylds en lengra komins eða samstilltara mannkyns. Og það sem þessi geislan stefnir án afláts að, er að endurframleiða líkama slíkan sem hún stendur af. Þegar nú maðurinn andast, losnar orka úr hinum deyjandi líkama og kemur enn fram í sama stað. Og nú skapar þessi geislan sér nýjan líkama, og að því er virðist ráða mega af ýmsum sögum úr „andaheiminum“ — sem auðvitað eru ekki á engu byggðar, þó að mikið sé um mis-
skilning — þá verður þetta með tilbeina hinna lengra komnu sem fyrir eru á þeirri stjörnu. Maðurinn sem ég gat um í ritgerðinni Stjörnujarðfræði, bjó til hið ágæta orð skyndi-
líkama, um það sem þannig verður til með líkum hætti og líkamningur á miðilfundi. Og telpan talaði um erfiðleika, sem orðið gætu á að búa til hinn nýja líkama, eins og t. d. ef andlátið hefði verið kvalafullt. Þá sagði hún að eyddist svo mikið af orku þeirri sem til þyrfti.

XVII

Þó að margt kunni að virðast ekki trúlegt í málum þessum, þá er samt leið til að gera sér vel ljóst, að það er satt sem sagt er. Á margvíslegan hátt má sýna hvernig erindi það, sem hér er flutt, er framhald af viðleitni mannkynsins á því að átta sig á heiminum áður.

Lengi horfðu menn á þessi himinblys sem þeir kölluðu stjörnur, án þess að vita hvað þar glóði svo undarlega. En þó kom þar að þeir vissu að þar eru sólir og jarðir aðrar. Og framhaldið er að vita, að á þeim jörðum eru lifandi verur eins og á þessari, og að vér getum haft samband við þær verur.

Lengi ríkti trú á anda, spiritismus, bæði í eðlisfræði og efnafræði, eða þeim vísi til slíks, sem menn höfðu. En svo gersamlega er nú andatrúnni í þeim fræðigreinum lokið, að mönnum hættir við að gleyma því að hún hafi þar nokkurn tíma til verið. Enþá ríkir á svæði líffræðinnar trú á anda, eða spiritismus, hjá öllum þorra þeirra sem jörð þessa byggja; en hjá dálitlum minnihluta ræður sú mótvilla, sem gerir of lítinn mun hins lifandi og hins líflausa, og með þeim hætti bannar að sönn líffræði geti til orðið. En með því, sem hér er verið að segja, verður spiritismanum lokið, einnig á svæði líffræðinnar. Sambandið er fundið, samræmið, leiðin til sannra vísinda. Vísindin munu nú megna að skýra alla þessa atburði á svæði lífsins, sem verið hafa um svo margar aldir viðfangsefni trúar og hjátrúar.

XVIII

Sú var tíðin, að enginn vissi að vér mennirnir eigum heima nú þegar á himni. Enginn vissi að heimkynni vort, jörðin, er smákorn eitt í ríki himnanna, stjarna innan um aðrar stjörnur, blikandi neisti á himinhvolfinu, allt eins og þær.

Og enn er nokkuð líkt ástatt þar sem um framhald lífsins er að ræða. Langmestur hluti alls mannkyns hefir um langan aldur trúað á framhald lífsins. En menn hugðu þetta framhald lífsins utan við náttúruna eða yfirnáttúrlegt. Eitthvað svo gerólíkt því lífi sem lifað er á jörðu hér, að það virtist í rauninni óskiljanlegt með öllu. Og ýmsir gáfust alveg upp við að trúa á nokkurt framhald, af því að þeim virtist svo sem þar yrði engri skynsemi við komið.

En nú hefir sýnt sig hér, eins og alltaf áður, að því betur sem vér kynnumst náttúrunni, því furðulegri reynist hún. Furðulegt er framhald lífsins á jörðu hér í nýjum og nýjum einstaklingum. Og það eru ekki 90 ár síðan menn fóru að skilja, hvað það er í rauninni, sem gerist. Því að það gat ekki orðið fyrr en cellan (fruman) var uppgötvuð, frumeind dýra- og jurtalíkamans.

Á námsárum mínum lærði ég að skoða sitthvað af því, sem að þessari yngingu lífsins lýtur, og sá t. a. m., hvernig

ígulker verður til, allt frá því er sameinast ofurlítill ögn úr líkama svilkers og önnur úr líkama hrognkers. Er það næsta furðuleg saga. En ekkert vita ígulkerin af því. Þau vita ekkert um lífið eða framhald lífsins. Og jafnvel þó að vér virðum fyrir oss vitrustu dýrin í sjó, selina, þá vita þeir mjög lítið um lífið. Gera sér t. d. litla grein fyrir þessum skrítnu skepnum á landi, sem eru að reyna að skoða og skilja selina, og oft, því miður, nokkuð skæðir óvinir þeirra. Allt eins vita ekki mennirnir á jörðu hér, að í öðrum stöðum eru vitverur, sem rannsaka lífið á jörðu vorri af miklum áhuga og hafa víst lengi óskað þess mjög, að ófarsælasta og þjáðasta skepna jarðarinnar gæti vitkast svo, að unnt væri að veita þá hjálp sem svo mikil er þörfin á. Og mér þykir ekki ólíklegt að það verði mikil gleði á himnum, þegar það tekst fyrir aukna þekking, að koma svo á sambandi við hina fullkonnari íbúa annarra stjarna, að stefnt verði til sigurs fyrir lífið á jörðu hér. Og er þess nú ekki langt að biða.

XIX

Furðulegt næsta er framhald lífsins á jörðu hér, eins og nú var á vikið. Og þó má finna, þegar náttúran er rannsökuð af nógum áhuga á að losa sig við villandi fyrirframsannfæringar af ýmsum tegundum, að á öðrum stjörnum verður framhald lífsins á ennþá miklu furðulegri hátt. Eigi einungis ljósið, hitinn, rafmagnið, segulmagnið, bylgjar fram um geimdjúpin, frá stjörnu til stjörnu, heldur einnig lífmagnið. Lífmagn þess, sem býr á einni stjörnu skapar sér nýjan líkama á skyldu aflsvæði annarrar stjörnu, eins og áður hefir verið útskýrt að nokkru. Og hér má nú sjá fram á mjög stórkostlegt lögmál í líffræði. Mannkyni, sem skammt er komið og lítið er samstillt, eins og á jörðu hér, fjölgar einungis með fæðingum. En þar sem lengra er komið, samstillingin meiri, fjölgar fyrir líkamning af tilgeislan skyldra. Fullvaxnir koma hinir nýju íbúar slíkrar stjörnu fram. Það er dálítið líkt og þeir skolist á land úr geimdjúpinu, svo að orðið alluunt, sem Swedenborg hefir um komu andanna til andaheimsins, á ekki illa við. Og þó skildi hinn ágæti Svíi

ekkert í þessum hlutum, sem hér eru orðnir að náttúrufræði.

Sá sem deyr burtu af jörðu hér, þarf ekki að koma fram í betri stað. Hann kemur aðeins fram á skyldum stað en samstilltari. Og það getur verið að menn séu þar samstilltari í illu. En um þetta þýðingarmikla atriði verður auðvelt að fræðast með rannsókn, þegar rétt aðferð er höfð.

XX

Á stjörnu þar sem mannkyn er vanþroskað og ósamstillt, eru allir íbúar stjörnunnar þar upprunnir. En þar sem mannlíf er þroskað og samstillt, eru sumir íbúar hnattarins aðkomnir með þeim hætti sem áður hefir verið á vikið. Hnötturinn er fyrir þetta aðkomufólk „annar heimur“, eða „hinumegin“, það sem svo mikið er um talað og af svo litlum skilningi, á stjörnum þar sem skammt er komið í líffræði. Jafnvel um nokkurn aldur eftir að heimsfræðin er komin það á veg, að menn eru farnir að vita af sólhverfum öðrum svo mörgum, að engri tölu verður á komið, þá halda þeir þrálátlega fast við hinn forna misskilning, sem heitir andaheimur og „hinumegin“, og taka í fyrstu hinni miklu uppgötvun í líffræði ekki svo ólíkt, sem vera þyrfti, því sem hinni miklu uppgötvun í heimsfræði hafði tekið verið nokkrum kynslóðum áður, jafnvel þó að hætt sé að taka menn og beinlínis kvelja til dauða fyrir að hugsa nýjar hugsanir, eins og gert er meðan vísindin eru að byrja að ryðja sér til rúms.

XXI

Hér hafði ég ætlað að láta koma kafla um ástir hinna fullkomnari, og má að vísu nokkuð um það vita, ef vér hugleiðum vel, í ljósi hinnar nýju þekkingar, sitthvað sem í forn-um fræðum segir af ástum guðanna. En þó verð ég að láta þetta bíða, og ef til vill geyma það sérstakri ritgerð um eðli ástarinnar. Og skal nú tekið til í öðrum stað.

Þeir sem vel hafa lesið ritgerðir mínar, vita að öll verðandi miðar til tveggja átta, vaxandi samstillingar eða vaxandi andstillingar. Hinar tvær stefnur verðandinnar, hefi ég nefnt

lífstefnu og helstefnu, diexelixis og dysexelixis, stefnu hinnar vaxandi fullkomnunar, og stefnu hinnar vaxandi þjáningar.

Nú er það í augum uppi, að það er helstefnan, stefna hinnar vaxandi þjáningar, sem ræður á jörðu hér. Um það verður ekki deilt, nema svo sé, að menn hafi ekki hugsað málið. Það hefir verið aðallögmál í sögu lífsins á jörðu vorri, að þjáningin hefir farið vaxandi.

Líti menn í blöðin, þá eru það mest ill tíðindi sem þar eru sögð, tíðindi hins illa aðdraganda. Hörmungatíðindi eru það mest, og fréttirnar af vaxandi andstillingu, en vaxandi samstillingu einungis til vaxandi andstillingar, eins og er í her eða verkfallslíði. Menn lesa um vaxandi fjandskap innan þjóðfélaganna og vaxandi fjandskap milli þjóðfélaganna. Hatrið fólkættanna á milli fer vaxandi. Á svertingjaþingi sem haldið var nýlega, hafði komið í ljós vilji á að eyða hinu hvíta mannkyni. Og hinsvegar standa aðfarir hvíttra manna gagnvart svertingjum, á þessum síðustu tímum, ekkert að baki ljótustu hryðjuverkum, sem sögur fara af. Aðdragandi hinnar vaxandi þjáningar er það, sem af er sagt. Og með engu móti mun stýrt verða undan hörmungum þeim sem yfir vofa, nema gagngerð breyting verði.

Margir finna að vísu mjög til þess, að breytingar er þörf. En mjög hafa þeir horft í ranga átt eftir þeirri breytingu. Mjög margir trú á byltingu, heimsbyltinguna, sem þeir kalla, trú á hana mjög líkt því sem menn trúðu í frumkristninni á heimsbyltingu þá, sem þeir kölluðu dómsdag — það var sú trú sem umfram allt aflaði kristninni fylgis og sigurs. En með byltingu, revolution, er einmitt ekki gerð sú stefnubreyting sem þarf, og því síður sem byltingin er stórkostlegri. Byltingin ryður burt bæði illu og góðu, og það grær illa á rústunum. Byltingin er atburður hinnar illu stefnu, hinn ferlegi ávöxtur hins illa aðdraganda.

XXII

Mjög hafa menn litið til hinnar mestu þjóðar hvíttra manna, til Rússlands, og haldið, að hin mikla bylting, sem þar er orðin, væri nú einmitt upphaf hins nýja og gerbreytta

mannfélags. En þó er ekki svo. Í ranga átt hefir horft verið. Það er ekki hjá stærstu þjóðinni sem breytingin hefst, sú sem verður til albatnaðar, heldur hjá einni af hinum minnstu. Og ekki með byltingu hefst sú breyting, heldur með bættri hugsun.

Skakkt hafa menn horft af því að þeir skildu ekki sögu mannkynsins. Söguritun er tilraun mannkyns til að átta sig á sjálfu sér, og hafa margar tilraunir af því tagi gerðar verið á þessum síðustu árum. Mjög merkilegar tilraunir í þá átt, eru bækur þeirra Spenglers og Wells. Bók Spenglers hefir mest fylgi fengið af því að kirkjan telur sér stuðning að þeim kenningum, sem þar er haldið fram. Bókin er þáttur í valdabaráttu Semítanna. Hin bókin er fræg af öðrum ástæðum meir. En báðar eiga þær sammerkt í því, að þar vantar skilning á aðallögmálum mannkynssögunnar. Hvorugur hinna merku höfunda hefir skilið, að leiðir verðandinnar eru tvær, og að mannkyn jarðar vorrar er á þeirri leiðinni, sem til glötunar liggur. Hvorugur hefir skilið þetta afarþýðingarmikla atriði, að mannkynssagan þessar síðustu árþúsundir er um það mest, hvernig tilraun til að skapa fullkomnara mannkyn, vitrara, fróðara og mannúðlegra, mistekst. Aftur og aftur er reynt að halda í áttina, og aftur og aftur mistekst tilraunin. Eða með öðrum orðum: Persar, Grikkir, Rómverjar, Germanir; og einnig Norðmenn, Svíar, Danir, það eru allt nöfn á tilraunum, sem hafa mistekist. Tungumál þessara þjóða eru horfin, guðatrú þeirra hefir orðið að víkja fyrir átrúnaði annarrar fólkættar, sjálft þjóðernið er komið á fallandi fót. Nýju málin mega að ýmsu leyti heita „pathologiskar“ myndanir, þau eru fram komin við nokkurskonar sýkingu. Og eins er um mannfélögin, sem öll eru að rifna og klofna, langsum og þversum, að þar er um sjúkan vöxt að ræða, og sýkingar þrifaleysi.

Ég hefi minnst á þessi efni nokkuð áður, í ritgerð sem heitir Framtíð mannkynsins. En hér er verulegu við bætt. Og miklu er sú ritgerð auðskildari nú en þegar hún birtist, sakir margra þeirra tíðinda, sem gerst hafa síðan. Eða greinilegar

sagt: ýmislegt sem gerst hefir þessi síðustu ár, sýnir augljóslegar en áður, að þar er af réttum skilningi ritað.

XXIII

Á Íslandi var síðasta tilraunin gerð til þess að hefja mannkynið á hærra stig. Til Íslands fór á landnámstíð mesta mannvalið af Norðurlöndum, háaðall mannkynsins. Og á Íslandi kom upp, á tíundu öldinni, fullkomnari manntegund en til var annarsstaðar, jafnvel á Norðurlöndum. Á Íslandi var um nokkurt skeið fyrirfólk jarðar vorrar. Sjálfar sögurnar sýna það. Því voru ekki slíkar sögur í öðrum stöðum ritaðar, að vit vantaði til þess. Hin íslenska sagnaritun er eitt af einkennum þessarar manntegundar, að sínu leyti líkt og myndlistin gríska. Og það er svipaður töfrablær yfir sögunum íslensku. Þess vegna lesum vér þessar sögur aftur og aftur, að þó að af ýmsu ljótu sé sagt, þá er af fullkomnara mannkyni sagt, og málsnilldin meiri en síðan hefir verið.

Hversu eftirtektaer verð er saga þessarar litlu þjóðar. Baráttan fyrir lífinu gerðist hér svo örðug, þegar á leið, að stundum varð nálega að dauðastríði. Konungsætt mannkynsins varð að hungurlýð, þjóð hinnar mestu beinkramar og barnadauða. Og þó slitnaði aldrei sambandið við hina göfgari fortíð. Neistanum var alltaf bjargað, þeim sem ekki mátti deyja, neistanum sem glædd verður af hin góða fram-tíð.

Hversu skiljanlegt það er, að breytingin í sögu mannkynsins hefjist einmitt þar sem mannkynssaga hefir best verið rituð. Því að sagan er tilraun mannkyns til að átta sig á sjálfu sér. Og það er fyrst, ef finna skal rétta leið, að átta sig. Í öðrum löndum, við ákaflega miklu betri ástæður til að stunda vísindi en hér eru, voru menn loksins komnir svo langt að skilja, að saga mannkynsins er þáttur í sögu lífsins alls á jörðu vorri. Mannkynssaga Wells er af þeim skilningu rituð, og snilldarlega. Hér á Íslandi hefir það skilist fyrst, að saga mannkynsins er þáttur í stjörnulíffræði, saga lífsins á jörðu hér, þáttur í sögu alls heimsins. Á jörðu hér er lifað

af öðru lífi og til annars lífs og í sambandi við líf í öðrum stöðum, eins og enn mun útlistað verða betur síðar.

XXIV

Oft hefir því spáð verið og á ýmsum tímum, að mikil og furðuleg breyting muni verða á högum mannkynsins, og er ekki vandi að skilja hvernig á þeim spádómum stendur. Og merkilegast í þessum efnum þykir mér það að fyrir löngu hefir því spáð verið, að einmitt á þessum misserum mundu verða umskipti í sögu mannkynsins.* Michael Nostradamus, sem einna merkastur hefir þótt af spámönnum, spáði þessu þegar á 16. öld. Og í sambandi við það talar hann um að konungborinn maður (eða konungur) muni koma frá hinum ystu löndum, eins og að vísu varð, þegar Kristján X. sneri heim til Danmerkur frá Íslandi og Grænlandi.

Ég hefi ekki fyrir mér hina gáfulegu bók Hohlenbergs um Nostradamus, en mig misminnir það held ég ekki að honum reiknist svo, að spádómur Nostradams, um merkilega breyting til batnaðar, eigi við árið 1921. Og vel veit ég, að umskipti gætu orðið, jafnvel nú á þessu ári, og eins á hvern hátt þau gætu orðið. Það er upphaf hinnar miklu breytingar, að menn byrji að skilja hina nýju heimspeki, sem nú er að koma upp á Íslandi, þá heimspeki, sem nú er komin upp, þrátt fyrir fargið, þá heimspeki sem er ekki annað en náttúrufræði, djúpsýnni og víðsýnni en áður hefir verið. Vel veit ég hvernig þessi umskipti gætu orðið, sem öllum er svo brýn þörfin á. Og mér þykir ekki svo illa horfa. Það er ýmislegt sem bendir til þess, að það muni verða auðveldara nú en áður, að fá menn til þess að fara að skilja þýðingu íslensku þjóðarinnar. Ritgerð hins gáfaða tónskálds Percy Graingers, um íslenska tungu, er þar mjög merkilegur og þakkarverður

* Hér mætti ef til vill minna á þá merkilegu viðleitni til stefnubreytingar, sem komið hefir fram á Washingtonfundinum. En þó getur ekki slíkri viðleitni framgengt orðið til gagns, fyrr en hin rétta heimspeki ræður og menn verða farnir að skilja gang sögunnar. Styrjöldum verður ekki lokið, fyrr en menn vita glögglega af hverju þær risa og hvað af þeim mun leiða.

31/12-1921.

vottur. Einnig virðist mér það eftirtektarvert, að fyrsta alþjóðþing sálarrannsóknara eða fyrirburðafræðinga hefir háð verið nú fyrir skemmstu í höfuðborg Norðurlanda, Kaupmannahöfn, og 5 Íslendingum hafði verið til boðið. Í bréfi, sem ég sendi þinginu, lét ég þess getið, að heimsviðburður mundi þing þetta verða, ef teknar væru til alvarlegrar reynslu uppgötvanir nokkrar, sem stuttlega var frá greint í bréfinu. Nú væri það að vísu frammar vonum mínum, ef svo hefði gert verið, en þó mun tilraun mín ekki verða árangurslaus. Þó að við ramman sé reip að draga, þar sem er sá hugsunarháttur sem heldur í horf hið illa, þá er nú samt farið að koma í ljós, að sá kraftur sem dregur til hinnar góðu stefnu, mun sterkari verða.

XXV

Það hefir verið sagt, að sá fróðleikur sem menn nefna psychic science, og ef til vill mætti kalla fyrirburðafræði, væri enn á svipuðu stigi og stjörnufræðin var fyrir daga Koperníks. En með þessu er þó fyrirburðafræðin sögð betur á veg komin en er. Því að jafnvel fyrir daga Koperníks hélt þó enginn, að stjörnur væru ímyndun ein eða blekking. En það er einmitt það sem margir halda fram um rannsóknarefni fyrirburðafræðinnar. Á þessu verður höfuðbreyting, þegar menn fara að færa sér í nyt íslenska heimspeki. Þegar farið verður að nota sér þekkinguna á lífsstarfsíleiðslunni, þekkinguna á því, að það sem menn hafa ímyndað sér að væri líf í andaheimi, er lífið á öðrum stjörnum, þá fyrst kemst þessi fróðleikur, sem menn kalla psychic science, í vísindahorfið. Þá fáum vér í stað fyrirburðafræði þau allsherjar vísindi sem ég nefni epagógík. Þá fáum vér heimfræði, stjörnulíffræði og sanna sálfræði. Stórkostlegri og stórkostlegri sannindi munu í ljós verða leidd. Og við þá sögu munu margir Íslendingar koma. Því að það sem kalla mætti genipotential þessa fólks sem var komið svo nálægt því að veslast upp, mun reynast að vera í stórkostlegasta lagi, eftir því sem gerist á jörðu hér. Hin nýju vísindi munu fá mönnum yfirráð yfir orkutegundum, sem mjög mörgum sinn-

um mikilvirkari, fjölvirkari og furðuvirkari verða en jafnvel hið furðulega rafmagn. Þegar þau yfirráð eru fengin, munu menn geta haft nokkra stjórn jafnvel á veðurfarinu, og er þess hin mesta þörf oss Íslendingum, ekki hvað síst hér á Suðurnesjum.

XXVI

Vel veit ég, að í ótrúlegasta lagi mun þykja það sem nú var sagt. En þó greiðist fyrir að sjá, að á réttri leið er verið, ef vér leitum yfirlits. Hugsum oss steinaldarmann sem stóð á ströndu fyrir svo sem 100.000 árum, og horfði út á sjóinn. Hann var að byrja að uppgötva hafið. Alda tók við af öldu, rísandi, hnígandi, svo langt sem augað eygði, og hinn alólgandi, feiknavíði sær vakti nokkurn vísi til undrunar í huga steinaldarmannsins. En hversu firnalangt var þó frá því, að fornaldarmanninn grunaði alla vídd hafsins? Og hversu alfjarri var honum sú hugsun, að taka mætti nokkurn hluta hins þurra lands og laga svo til að fljóta mætti á yfir hafið allt, og finna land hinumegin, og á því landi fólk, sem líkt væri komumanninum, þrátt fyrir allan mun. Eins fjarri voru steinaldarmanninum slíkar hugsanir, eins og til skamms tíma hefir oss niðjum hans verið sú vitneskja, að handan við geimdjúpin, á öðrum stjörnum, eru lifandi verur, skynsemi gæddar, og að mennirnir hafa lengi haft mök við slíkar verur og orðið fyrir áhrifum þeirra, þó að þeir vissu það ekki, og sambandið gæti ekki orðið til gagns svo sem þurft hefði, einmitt vegna þessarar vanþekkingar.

XXVII

Allt of lítið hafa menn hugleitt sögu mannkynsins á þann hátt sem nauðsynlegt er til betri framtíðar. Og síst hafa menn hugleitt sögu þekkingarinnar, á þá leið að það gæti orðið þeim vörn gegn þeirri breytni, sem alskaðsamlegust er allri betri framtíð. En það er að sýna nýjum hugsunum banatilræði með því að telja þær firrur einar og markleysu, og leggja jafnvel nokkurskonar refsingu við því að verja lífi sínu á þann hátt sem þarf til þess að geta leitt í ljós ný sann-

indi. Jafnvel í mannfélagi vorra tíma, á sá maður að ýmsu leyti verri aðstöðu en þó glæpamaður væri, sem eykur þekkingu einmitt á þann hátt sem helst þarf til að breytt verði hugsunarhættinum.

Mér kemur hér í hug dálítill þáttur úr sögu þekkingarinnar, sem sýnir mjög fróðlega, hversu óglöggir menn geta verið jafnvel á stórmerkilegar uppgötvanir. Matthías Schleiden hefir maður heitið, einn af ágætustu Þjóðverjum sinna samaldra. Uppgötvun Schleidens á frumunni (celle) er eitt af þýðingarmestu afreksverkum 19. aldarinnar. Á þessari uppgötvun byggist, að mjög verulegu leyti, líffræði vorra tíma. Og það er sérstaklega skylt að nefna þá uppgötvun hér, því að hún er í tölu þeirra sanninda, sem nauðsynlegt er að vita, til þess að guðsríki geti stofnsett orðið. Því að guðsríki er sambandsvera, þar sem allir einstaklingarnir eru fullkomlega samstilltir til einnar lífheildar, líkt og líkami hvers einstaklings er sambandsvera, samstillt af ótal frumum, sem hver, að uppruninum til, samsvarar sjálfstæðum fyrstlingi (prótozoon- metazoon- hyperzoon). Fyrr eða síðar munu menn sjá, að nú þegar bendir öll náttúrufræði mjög greinilega til þeirrar aðalhugsunar í líffræði, sem hér var á vikið. Og eins og við mátti búast, verður þessara sanninda vart í öllum helstu trúarbrögðum, en óljóst og óskiljanlega, eins og eðli trúarbragðanna er. Því að hin opinberuðu trúarbrögð eru, eins og nú má vel skilja, hugmyndir þær um heimsfræði og líffræði, sem rót sína eiga í vitsambandi við fullkomnari tilverustig, en ekki hafa „komist í gegn“ öðruvísi en ófullkomlega og úr lagi færðar. Breytingin til hinnar góðu stefnu, lífstefnunnar, verður einmitt, þegar tekst að gera þær uppgötvanir sem þarf til þess að ljósi þekkingarinnar verði brugðið yfir svæði trúarinnar.

Uppgötvun Schleidens var sambandsuppgötvun mjög þýðingarmikil, því að hún leiddi, fyrir rannsóknir Schwanns, til skilnings á því, að frumeind jurtar og dýrs er samskonar. Schleiden gerði fyrst grein fyrir uppgötvun sinni í heldur óásjálegri ritgerð sem kom út árið 1836, og mun öllum almenning hafa þótt flest merkilegra, sem til tíðinda gerðist

það árið. Og sagan sem hér er sögð, sýnir einkar fróðlega, hvernig jafnvel á 19. öld og jafnvel á vísindalandinu Þýskalandi, gat orðið nautskast gegn augljósri og stórkostlegri uppgötvun í náttúrufræði.

Um miðja öldina var uppi, á Þýskalandi, prófessor í grasafræði sem Lehmann hét. Grasafræðingur sá sagði í fyrirlestri 1854, átján árum eftir að komið hafði út ritgerð Schleidens, að það væri rugl (Unsinn) sem þeir væru að fara með, Schleiden og Schacht og slíkir menn. Schacht var grasafræðingur svo gáfaður, að hann varð í fyrsta lagi til að uppgötva uppgötvun Schleidens. Ég á rit þessara manna, sagði prófessor Lehmann við áheyrendur sína, og þið getið fengið að lána þau hjá mér, en þið getið ekkert lært á þeim.¹⁾

Það er ákaflega íhugunarvert þetta, að þannig skyldu geta farist orð stórborgarkennara í grasafræði, um ritgerðir, sem einmitt voru fróðlegri en nokkuð sem áður hafði um grasafræði verið ritað.

XXVIII

Slík dæmi þekkja menn nú að vísu, en þeir láta sér ekki þau víti að varnaði verða. Það er alltaf sama óvildin, sama kæruleysið og sama blindnin gagnvart þeim sem láta í ljósi nýjar aðalathuganir, þær hugsanir sem helst miða til að bæta aldarfarið. Eða með öðrum orðum: það er alltaf sama óvildin, sama kæruleysið og sama blindnin gagnvart hinum skapandi anda, anda sannleikans.

* Kunnur sálufraedingur danskur, sem nú er dáinn fyrir skömmu, prófessor Alfred Lehmann, var, ef ég hefi ekki misskilið, náfrænda þessa þýska grasafræðings. Alfred Lehmann var mjög andvígur trú á anda og andaheim, og er það lofsvert. Því að þegar menn trúa á andaheim, þá skaða þeir bæði sjálfa sig og þá sem framliðnir eru, og á þeirri leið getur ekki sönn framför orðið. En sökum greiningarskorts eða misskilnings, þá snerist Alfred Lehmann svo öfugt við, að það voru framfarir í vísindum, sem hann var farinn að berjast á móti. Hann hegðaði sér mjög líkt og ef maður sem vildi berjast á móti trúnni á Nóaflóð, stríðhéldi því fram, að jöklar hefðu engin áhrif á jarðmyndun, af því að menn hafa eignað Nóaflóði jarðlög, sem í raun réttir eru jökulmenjar.

31/12- '21.

Það er langþjádur og ófarsæll maður sem þetta hefir ritað, og má vera, að nokkuð of ríkt sé að orði kveðið. En þó er það varla til mikilla muna. Það er af því að menn meta of lítils anda sannleikans, sem ennþá er verið á leið hinnar vaxandi þjáningar. Falskenningum ýmiskonar gleypa menn við, af því að þær eru mest í ætt við hið ranga hugarfar og þeim mest á loft haldið. Og mætti hér nefna til dæmis, ýmsar óvísindalegar og ómannúðlegar kenningar Freuds og slíkra, sem mjög víða má sjá getið um. Menn gleypa líka við því sem er tiltölulega fánýtt, ef nógu vel eru barðar bumburnar fyrir þeim sem flytur, eins og er ef um eitthvað ræðir sem miðar til þess að efla andleg yfirráð Gyðinga. Kenningar Einsteins eru það sem ég hefi hér í huga, og bið ég að taka vel eftir því, að ekki kalla ég þær kenningar fánýtar. En það er alveg víst, að ekki duga þær til þess að skapa þá heimspeki sem þjáðu mannkyni er svo mikil nauðsyn á. Það er eftirtektarverð samkeppni, sem á þessum árum hefir átt sér stað milli Íslendingans og Gyðingsins, og er þar aðstaða ærið ólík. En þó mun það sýna sig, að íslensk hugsun og nokkur kunnátta í jarðfræði, líffræði og sögu, verður drýgri til að skapa hina sönnu heimspeki heldur en stærðfræðisnilld og fólkættarfylgi hins fræga Gyðings.

Einu sinni í vor átti ég, fyrir tilstuðlan miðils, tal við mann í mjög fjarlægum stað. Maður þessi kvaðst eiga heima á stjörnu sem væri í fimmtu vetrarbraut héðan, og er það svo fjarran, að ljósgeislinn þaðan er að minnsta kosti 3-4 milljónir ára á leiðinni hingað til vor. En svo miklu stórkostlegri verður hraðinn, þegar lífið kemur til sögunnar, og það sem þaðan er, að vitgeislinn fer þessa vegalengd á skemmri tíma en augabragði. Menn hafa verið að halda því fram í sambandi við kenningar Einsteins, að meiri hraði en ljóshraðinn, geti ekki átt sér stað; en slíkt er náttúrlega hin mesta fjarstæða.

Maður þessi sem talaði af munni miðilsins, kvaðst hafa verið Íslendingur og lifað á 11. öld. Talið gekk ekki greitt, og hann kvaðst aldrei hafa fengið samband áður. Hefi ég, ef satt skal segja, aldrei fengið annað eins lof fyrir mitt ís-

lenska hugarfar eins og þetta samband frá 11. öld, sem kom mér mjög á óvart. Maðurinn hvarf úr sambandinu um stund, en „kom“ síðan aftur, og kvaðst þá hafa verið að skoða það sem miðillinn hafði talað. Hann komst að orði eins og það sem miðillinn segði, væri geislritað (radiograferað). Hann talaði um þetta fróðlega. Sagði hann að einungis lítill hluti þess sem hann ætlaði miðlinum að segja, hefði komið fram, og þó ekki óaflagað. Samtalið fór nú að ganga betur, og vissulega voru það stórfróðlegar fréttir sem við fengum. Íslendingur þessi frá 11. öld, sagði okkur, að þarna sem hann ætti heima, væri verið að fást við mjög merkilegar tilraunir, og fyrir skömmu hefði verið gerð þar afarþýðingarmikil uppgötvun. Nýja aðferð sagði hann þeir hefðu fundið þar til þess að senda það sem hann kallaði lifandi kraft, sólhverfanna og vetrarbrautanna á milli. Aðferð þessi sagði hann væri mjög margfaldlega miklu áhrifameiri heldur en sú sem áður hafði verið notuð.

Tíðindin sem Íslendingurinn frá 11. öld var að leitast við að fá hinn ágæta miðil til að segja, voru engin önnur en þau, að nú mundi fara að takast að sigra helvíti. Hér verða menn að gæta að því, að þó að ég noti þetta trúarbragðaorð, þá er ég að tala um þennan heim, um náttúruna.

Eins og ljósaldan leitar frá einhverri sól út í hinn endalausla myrka geim, þannig geislar hinn æðri kraftur út í hið ófullkomna efni, og leitast við að koma því fram á braut hinnar góðu verðandi og gera það sér líkt. Spekingarnir grísku höfðu nokkurt veður af þessu höfuðfari heimssögunnar, og þess vegna hét hjá þeim hið ófullkomna efni, þiggjandin eða móttakandin (hypodokhe, dekhomene); en hinn tilgeislandi, magnandi kraft kölluðu þeir nús, sem í orðabókum má finna þýtt með orðum sem svara til hugur eða vit eða andi.

Og í rauninni var ekki unnt að skilja neitt í þessum kenningum hinna fornu spekinga, fyrr en það var uppgötvað hér á Íslandi, þar sem fyrir löngu hafði verið gerð, þó að mikill munur væri landgæða, merkileg tilraun til að halda áfram því sem Grikkir gáfust upp við, að maðurinn er í svefni

magnaður eða „hlaðinn“ af tilgeislandi krafti, og að vísu fylgir þeim krafti vit. Á því strandaði hin gríska speki, eftir hér um bil þúsund ára viðleitni, lenti í tómfræði annarsvegar og dulrænu hinsvegar, og beið loks fullkominn ósigur fyrir trúarbrögðum Gyðinga, að mönnum tókst ekki að gera þessa uppgötvun, og koma þannig heimspekinni í vísindahorfið eða, eins og fullt eins rétt væri að segja, vísindunum á braut heimspekinnar. En það er einmitt það, sem nú er verið að gera, hjá allt of lítils metinni smáþjóð, sem miklu líkari er Forn-Grikkjum en fræðimenn hefir nokkurn tíma grunað, og framar þó um sumt. —

Hinn góði kraftur, sem leitaðist við að skapa hið ófullkomna efni til fullkonnunar, eyðist eins og á útjaðri nokkrum. Útjaðar vitheims hefi ég kallað það. Hin illa stefna varð þar ráðandi, dysexelíxis; helvítin urðu þar, eða tilverustig hinnar vaxandi þjáningar. Hinar góðu verur, sem úr fullkonnari stöðum leituðust við að beina framsókninni í rétt horf, gátu ekki komið sér við, því að vit vantaði til þess að þær undirtektir gætu orðið sem ekki varð án verið; og í helvítunum eyddist þess vegna hinn góði kraftur, eða varð snúið til ills. Hinn stórvitri höfundur rits þess sem kallað er Liber de mysteriis — og að vísu ekki alveg með réttu, því að það er að mestu grísk og egypsk heimspeki og guðfræði, sem bókin hefir að geyma — þekkir þessa umhverfingu hins góða kraftar og kallar paratrope. Og hygg ég að hin nýju vísindi, epagógíkin, muni taka það orð upp. Og þesskonar paratrope eða umhverfing, hefir átt drjúgan þátt í heimsstyrjöldinni miklu, og öðrum tíðindum þessara ára ekki góðum, þó að fáir hafi það vitað. En nú sagði hinn ágæti fjartalandi, að fyrir hina auknu þekking, sem þeir hefðu aflað sér þar í himinríki, þá mundi að mestu verða komið í veg fyrir þessa eyðingu og umhverfingu hins góða kraftar. Meðal annars þýðir þetta að, að þeir sem mæla af miðils munni geti farið að „koma því í gegn“, að þeir eiga heima á öðrum stjörnum en ekki í andaheimi, og er þegar farið að votta fyrir því á ýmsan hátt, að ástæður séu í þessu efni betri en áður hefir verið.

Ekki sagði fornmaðurinn að hinni nýju aðferð yrði þegar í stað beitt við það tilverustig, sem verið er á hér á jörðu. Fyrst yrði að snúa sér að því að hjálpa þeim sem enn dýpra eru sokknir niður í hið helvítlega en er á jörðu hér, ennþá dýpra niður í grimmd og eymd og hverskonar andstygð. En þó gaf hann í skyn, að ekki mundi þess verða langt að bíða, að hin góðu áhrif færu að koma fram, einnig hér á jörðu. Og þegar vér getum að því, hversu geigvænlegur er aðdragandinn, hversu allur fjandskapur hefir magnast nú síðastliðinn áratug, og hversu sú magnan hefir getið af sér ennþá hryllilegri eymd en áður hefir verið hér á jörðu, þá getum vér skilið, að ekki megi drátturinn verða langur, ef afstýrt á að verða svo stórum tíðindum hinnar illu stefnu að ekki verði bót á ráðin, og stefnunni þaðan af ekki breytt svo sem þarf, ef ekki á mannkynið að halda áfram, óbjarganlega, leiðina til glötunar.